# Undirbúa skólaár

Hér að neðan verður reynt að útskýra eftir bestu getu hvernig undirbúa á næsta skólaár.

Byrjum á að skrá okkur inn í Nemendagrunn.

Til að undirbúa næsta skólaár skal velja „Skólaár“ í stikunni til vinstri (sjá mynd)



Til að undirbúa skólaárið 2026-2027 er smellt á „Búa til skólaár +“ hnappinn



Þá opnast gluggi þar sem við veljum nýja skólaárið sem á að stofna. Öðru er haldið óbreyttu nema einhver sérstök ástæða kalli til og svo er smellt á „Staðfesta“:



Þá hefur nýtt skólaár verið stofnað eins og sést í myndinni hér að neðan




Næst er skólaárið valið með því að smella á línuna (rauði ramminn á mynd) eða punktana þrjá aftast og smella á „Breyta“

Hér smellum við svo á „Undirbúa skólaár“ til að flytja yfir bekki frá fyrra ári yfir í það nýja ásamt innrituðum nemendum og eins til að útskrifa nemendur í 10.bekk (eða þá sem eru að fara í unglingaskóla)



Hér er skólaárið valið sem á að afrita og nýjum bekkjum gefið nýtt nafn.
ATH. Hægt er að taka hakið úr ef þú vilt bíða með að flytja þann árgang yfir á næsta skólaár. Getur verið hentugt að bíða með að undirbúa 1.bekk þar til að allar umsóknir hafa verið afgreiddar og nemendur sem eru væntanlegir í 1.bekk eru allir komnir í IN árganginn (væntanlegir nemendur)



Hér er sýnt að 29 nemendur eru að útskrifast úr 10.bekk.
Ef það eru börn í IN (væntanlegir nemendur) árgangi eru þeir færðir upp í 1.árgang (vantar hér á mynd).




Að lokum er smellt á „Staðfesta“ hnappinn og þá er búið að flytja alla nemendur yfir í nýjan árgang.

Athugið að ef skólinn er ekki með 10.árgang gefst skólanum val á hvert eigi að senda efsta skólastigið áfram í skóla.
Hér er 4.árgangur að fara í 5.árgang í öðrum skóla og því gefst skólanum færi á að senda þá alla í nýjan skóla í einu.



Að þessu loknu birtist yfirlitið yfir nýja skólaárið með öllum bekkjum og nemendum:




Athugið að það þarf að fara yfir hverjir eru skráðir sem umsjónakennarar þar sem bekkir eru að flytjast á milli námsstiga í einhverjum tilfellum sem kallar á aðra umsjónakennara.

Hægt er að skoða hvern bekk fyrir sig með því að smella á viðkomandi bekkjarlínu eða punktana þrjá aftast og velja þar „skoða bekk“.

Hægt er að eyða út skólaári en til þess þarf fyrst að eyða út öllum bekkjum fyrst.

Ef eitthvað er óljóst er um að gera að senda póst á
**hjalp@midstodmenntunar.is**